

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2013

2013/EES/61/31

frá 3. maí 2013

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1224/2012 frá 18. desember 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004) og 2. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 R 1224**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1224/2012 frá 18. desember 2012 (Stjtið. ESB L 349, 19.12.2012, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1224/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 349, 19.12.2012, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.